

Neotigason

2. útgáfa öryggis- og fræðsluefnis fyrir lyfjafræðinga



▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi þess komist fljótt og örugglega til skila. Tilkynna skal Lyfjastofnun um **allar** aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu.

Gátlisti lyfjafræðings - Leiðbeiningar fyrir afgreiðslu Neotigason

Neotigason er lyf af flokki retinóíða sem veldur alvarlegum fæðingargöllum. Ef fóstur er útsett fyrir acitretíni, jafnvel þó það sé aðeins í skamman tíma, er mikil hættu á meðfæddum vansköpunum og fósturláti.

Því má alls ekki ávísa Neotigason til barnshafandi kvenna og kvenna á barneignaraldri nema öll skilyrði forvarnaráætlunar til að koma í veg fyrir þungun vegna Neotigason séu uppfyllt.

Æskilegast er að neikvætt þungunarpróf, ávísun lyfs og afgreiðsla Neotigason fari fram á sama degi.

Ef vitað er til þess að kona sem fær meðferð með Neotigason verði þunguð skal stöðva meðferð tafarlaust og vísa verður konunni samstundis til læknisins sem ávísaði lyfinu.

Ef vitað er til þess að kona verði þunguð innan 3 ára frá því að meðferð með Neotigason lýkur skal vísa konunni til læknisins sem ávísaði lyfinu.

Áður en lyfjafræðingur afgreiðir Neotigason skal hann ávallt athuga eftirfarandi upplýsingar:

Konur á barneignaraldri:	
Æskilegt er að ávísun Neotigason takmarkist við 30 daga skammt til að tryggja sem best reglulega eftirfylgni, þ.m.t. þungunarpróf og eftirlit.	
Konur og karlar eiga að fá fyrirmæli um:	
Að gefa aldrei öðrum einstaklingi Neotigason.	
Að fara með öll ónotuð (afgangs) hylki í apótek þegar meðferðinni lýkur.	
Að gefa ekki blóð meðan á meðferð með Neotigason stendur og í 3 ár eftir að meðferð lýkur vegna hugsanlegrar hættu fyrir fóstur barnshafandi blóðþega.	